



ÍSAFJARÐARBÆR

Deiliskipulag

Reykjanes við Djúp



Teiknistofan Eik ehf.

Suðurgata 12 • 400 Ísafjörður
s.4560160 • www.teiknistofan.is

Greinargerð ásamt

umhverfisskýrslu

Nóvember 2013

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við
ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í
_____ þann _____ 2014
og í _____ þann _____ 2014.

Tillagan var auglýst frá _____ 2014
með athugasemdafresti til _____ 2014.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt
í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2014.

Efnisyfirlit

1.	Forsendur	5
1.1	Markmið	5
1.2	Málsmeðferð og kynning.....	5
1.3	Önnur skipulagsgögn	5
1.4	Staða skipulags	5
1.4.1	Gildandi aðalskipulag.....	6
1.5	Umhverfismat.....	7
1.6	Staðhættir.....	7
1.6.1	Skipulagssvæðið	7
1.6.2	Fyrirliggjandi byggð	9
1.6.3	Landslag og náttúrufar	10
1.6.4	Útivist.....	13
1.6.5	Menningarminjar.....	13
1.6.6	Náttúruvá.....	15
1.6.7	Verndarákvæði	15
2	Umhverfismat áætlana.....	16
2.1	Valkostir.....	16
2.2	Umhverfisþættir, viðmið og vísar	16
2.2.1	Möguleg áhrif mismunandi valkosta	17
2.3	Áhrif uppbyggingar í tengslum við núverandi byggð, nyrst á nesinu	19
2.3.1	Náttúra	19
2.3.2	Fornminjar	20
2.3.3	Áhrif á aðra nýtingu.....	20
2.3.4	Samfélag.....	21
2.4	Niðurstaða umhverfismats.....	21
3	Deiliskipulag.....	22
3.1	Landnotkun.....	22
3.2	Landmótun	22
3.3	Lóðir, gerð húsa og byggingarreitir	22
3.3.1	Lóðir fyrir ýmsa þjónustu.....	23
3.3.2	Tjaldsvæði og smáhýsi.....	25
3.3.3	Sumarhúsalóðir	25
3.3.4	Athafnalóðir.....	26

3.3.5	Önnur mannvirki.....	27
3.4	Bílastæði	27
3.5	Takmarkanir vegna mannvirkja	27
3.5.1	Hindranafletir	27
3.5.2	Hættu- og athafnasvæði.....	27
3.5.3	Helgunarsvæði vega	28
3.6	Hverfisvernd	28
3.6.1	Hveravík - H1	28
3.6.2	Heit tjörn austan sundlaugar - H2	28
3.6.3	Náttúru- og menningarminjar - H3.....	28
3.7	Veitur.....	29
3.8	Gönguleiðir	29
3.9	Reiðleiðir.....	30
3.10	Opin svæði og útivist	30
3.11	Skilti og lýsing	30
3.12	Kvaðir.....	30
3.13	Verndun	30
4	Heimildir	32

1. Forsendur

1.1 Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að auka möguleika á nýtingu Reykjaness á sjálfbæran hátt auk verndunar náttúru svæðisins. Lögð er áhersla á aukinn möguleika til atvinnuuppbyggingar sem og aðgengi almennings að náttúru svæðisins.

1.2 Málsmeðferð og kynning

Reykjanes er í Súðavíkurbæ, en landeigandi er Ísafjarðarbær. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar annaðist gerð deiliskipulagsins í samráði við Súðavíkurbæ.

Skipulagið var unnið í samræmi við verklagsreglur Ísafjarðarbæjar um gerð deiliskipulags á þeirra vegum. Verklagið miðar að því að skipulagsferlið sé opið og unnið í nánú samstarfi við þá sem málið varðar. Umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum þann 11. maí 2011 að boða fulltrúa í skipulagshóp fyrir Vatnavini, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Súðavíkurbæ, Sæfara og Orkubú Vestfjarða auk fulltrúa nefndarinnar.

Á fundi sínum þann 20. maí 2011 samþykkti umhverfisnefnd lýsingu deiliskipulagsins.

Fyrsti fundur skipulagshópsins var haldinn þann 30. nóvember 2011 en þar mættu Björn Davíðsson fyrir umhverfisnefnd auk Erlu B. Kristjánsdóttur ráðgjafa og Jóhanns Birkis Helgasonar sviðstjóra Tæknideildarinnar. Í febrúar voru síðan lögð fram frumdrög til kynningar. Á fundi sínum þann 22. febrúar 2012 fjallaði umhverfisnefnd um frumdrögin.

Annar fundur skipulagshópsins var haldinn þann 5. mars 2012 en þar mættu Jón Heiðar staðarhaldari í Reykjanesi, Sölvi Sólbergsson OV, Rúnar Þór Brynjólfsson fyrir Hveravík, Björn Davíðsson fyrir umhverfisnefnd auk Erlu B. Kristjánsdóttur og Jóhanns Birkis Helgasonar. Hópurinn fjallaði um drögin og framkomnar ábendingar og lagði jafnframt til fjölmargar breytingar.

Lýsing deiliskipulagsins var auglýst í vikublaðinu Bæjarins Besta, auk þess að vera til sýnis á heimasíðu Súðavíkurbæ www.sudavik.is og liggja frammi á skrifstofu Súðavíkurbæ frá 19. september 2013. Hagsmunaaðilum var gefin kostur á að gera athugasemdir eða koma með ábendingar til 2. október.

Á 47. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurbæ, sem haldinn var þann 24. október 2013, voru teknar fyrir þær ábendingar sem höfðu borist en þær voru tvær, frá Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

1.3 Önnur skipulagsgögn

Reykjanes við Djúp. Deiliskipulag - uppdráttur 1. Dags. nóvember 2013, A1 - m.kv. 1:2500.

Reykjanes við Djúp. Deiliskipulag - uppdráttur 2. Dags. nóvember 2013, A1 - m.kv. 1:2500.

Reykjanes við Djúp. Deiliskipulag - uppdráttur 3. Dags. nóvember 2013, A1 - m.kv. 1:2500.

1.4 Staða skipulags

Ekkert deiliskipulag er í gildi í Reykjanesi.

Aðalskipulag Súðavíkurbæ 1999-2018, sem var staðfest 19. desember 2002, gildir fyrir svæðið.

1.4.1 Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að í Reykjanesi sé fjölbreytt landnotkun, sjá lista að neðan. Stærstur hluti svæðisins er skilgreindur sem óbyggt svæði og landbúnaðarsvæði. Nokkur áhersla er lögð á það í aðalskipulaginu að efla dreifbýlið.

Um stefnu í náttúruvernd segir (bls. 69):

„Við framkvæmd aðalskipulagsins 1999-2018 skal svo sem kostur er á tillit tekið til sjónarmiða Náttúruverndarráðs sem fram koma í Náttúruminjaskrá (7. útgáfu) útgefinni 1996.

Stefnt er að því að búseta og náttúruvernd verði í sátt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Landnotkun til hverskonar atvinnustarfsemi og mannvirkjagerðar miðist við að halda breytingum á yfirbragði og ásýnd hreppsins í lágmarki. Kappkosta skal að atvinnustarfsemi og mannvirkjagerð hafi ekki í för með sér óafturkallanlegar breytingar sem í framtíð rýra sérstöðu og gildi Súðavíkurrepps fyrir litskrúðugt og fjölbreytt lífríki, landslag og jarðmyndanir.”

1.4.1.1 Landnotkunarflokkar í Reykjanesi skv. gildandi aðalskipulagi:

Óbyggt svæði: Megináhersla lögð á að óbyggt svæði nýtist sem útivistarsvæði.

Landbúnaðarsvæði: Heimild fyrir stökum frístundahúsum innan skilgreindra landbúnaðarsvæða.

Opin svæði til sérstakra nota/Skógræktarsvæði: Gert ráð fyrir tjaldsvæði, þar sem skólamannvirkin geti nýst gestum. Einnig gert ráð fyrir íþróttasvæði.

Athafnasvæði: Einkum horft til vistvænnar starfsemi sem notar jarðhita s.s. gróðurhúsaræktun eða annar léttur iðnaður.

Verzlunar- og þjónustusvæði: Gert ráð fyrir þjónustustarfsemi í þágu ferðamanna.

Svæði fyrir frístundabyggð: Lögð áhersla á að lágmarka áhrif á náttúruna, að varðveita sem best landslag og ásýnd svæðisins og að laga byggingar að landslagi og byggð.

Flugvöllur: Talinn mikilvægur m.t.t. öryggismála og að hann gefi einnig aukna möguleika í tengslum við ferðaþjónustu á staðnum.

Reiðleið: Stefnt að því að halda opnum og viðhalda núverandi reiðleiðum innan hreppsins. Þar segir að reiðleið sé frá botni Mjóafjarðar um Vatnsfjörð og Reykjafjörð í Reykjanes.

Rafveita: 6 KW rafstrengur samveitu fyrir Inndjúpið liggur um Reykjanes, en þar eru einnig díselvélar.

Vatnsvernd: Í greinargerð aðalskipulagsins segir að afmarka þurfi vatnsverndarsvæði vatnsbóls í Reykjafirði sem nýtt er fyrir hótélrekstur í Reykjanesi.

Helstu markmið aðalskipulagsins er varðað geta nýtingu svæðisins eru:

- Að styrkja Súðavíkurrepp í heild og gera ráð fyrir fjölbreyttri landnotkun sem stuðlað getur að fjölbreyttu atvinnulífi í framtíðinni jafnt í hefðbundnum atvinnugreinum sem og ferðaþjónustu.
- Að styrkja Súðavík sem þjónustu- og matvælaíðnaðarbæ.
- Að efla ferðaþjónustu í hreppnum.
- Að leita nýrra leiða í landbúnaðarframleiðslu í hreppnum.
- Að hlúa að, rækta og láta landslag, sérkenni og fagurt umhverfi njóta sín sem best.
- Að leggja áherslu á uppbyggingu útivistarsvæða og uppgræðslu lands.
- Að styrkja núverandi byggð og bæta umhverfismál í stóru og smáu þannig að búseta verði eftirsóknarverðari.
- Að standa vörð um gömul hús eða þyrpingar sem á einn eða annan hátt geta talist varðveisluverð menningarverðmæti.

1.5 Umhverfismat

Deiliskipulagið felur ekki í sér stefnu sem háð er umhverfismati skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þó fellur svæðið undir þau svæði sem tilgreind eru í 3. viðauka reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum, s.s. er svæðið á náttúruminjaskrá, þar eru sérstæðar jarðmyndanir og gróðurfar auk fjölskrúðugs fuglalífs. Svæðið hefur því lægri þolmörk gagnvart framkvæmdum. Til að tryggja að framfylgd deiliskipulagsins rýri ekki sérstöðu náttúru hreppsins eru í kafla 2 Umhverfismat áætlana, metnir valkostir mismikillar uppbyggingar og áhrif þeirra á náttúru svæðisins.

1.6 Staðhættir

1.6.1 Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið tekur til alls lands jarðarinnar Reykjanes, sem nær yfir allt nesið suður að Rauðagarði. Skipulagssvæðið tekur einnig til sjávarins innan netlaga, þ.e. 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Nákvæm lega þeirrar línu er ekki þekkt þar sem fullnægjandi gögn yfir hæðarlegu neðan sjávarmáls eru ekki til staðar. Á uppdrætti eru skipulagsmörk sýnd 115 m frá sjávarmáli sem er í öllum tilvikum nær landi en ytri mörk netlaga. Er þar notast við afmörkun Umhverfisstofnunar á því svæði sem er á Náttúruminjaskrá.

Reykjanesið liggur milli fjarðanna Reykjafjarðar og Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi. Reykjafjörður er lítill fjörður sem gengur inn í skagann milli Ísafjarðar og Mjóafjarðar.

Nesið er langt og mjótt og nokkuð láglent en það er hæst um 30 m yfir sjávarmáli. Það er innan við 200 m breitt þar sem það er mjóst en mesta breidd þess er um 800 m. Nesið er rúmum 3 km á lengd. Strandlengja jarðarinnar er því hlutfallslega löng eða vel á níunda kílómetra en öll jörðin er um 166 ha á landi.



Mynd 1-1 Loftmynd af Reykjanesi. Landamerkin sjást neðst á myndinni.

Svæðið einkennist af klettarönum með hálfgrónum lyngmóum og mosabembum en milli þeirra eru fjölbreyttir votlendispollar. Landið þornar verulega að sumrinu, enda vatnsmiðlun eingöngu frá úrkomu og svæðið er snjólétt.¹

Jarðhiti er allnokkur í Reykjanesi, sjö skráðir staðir í tveimur þyrpingum. Hiti vatnsins er 84-96 °C með 1-16 s/l rennsli.² Gróðurfar er sérstætt umhverfis jarðhitasvæði.³

1.6.2 Fyrirliggjandi byggð

Reykjanes er í Súðavíkurbænum en landið er í eigu Ísafjarðarbæjar. Í dag er rekin þar ferðaþjónusta þ.e. hótél, veitingar og tjaldsvæði. Þar er sundlaug, 50 x 12,5 m, með sjálfrennandi jarðhitavatni. Mannvirki eru einnig hituð með jarðhitavatni.⁴

Eitt sumarhús er í Reykjanesi, þ.e. Hveravík sem byggð var árið 1934 sem íbúðarhús. Á lóð þess er einnig skúr og áður gróðurhús. Í gegnum lóðina liggur leið sundlaugargesta frá lauginni til sjávar, en þetta er stysta og auðfarnasta leiðin. Leiðin austur fyrir lóðina er hrjóstrug en einnig liggur hún mjög nálægt sumarhúsinu og dvalarsvæðum þess. Leiðin vestur fyrir lóðina liggur langt frá sumarhúsinu en er erfið yfirferðar vegna heitra lækja og bleytu.

Lítill bryggja er á norðvestanverðu nesinu. Aðstaða við bryggjuna getur verið erfið í norðaustanáttum og lega báta ótrygg.

Orkubú Vestfjarða rekur díselvélar sem veita rafmagn í samveitu fyrir Inndjúpið. Þrjár aðrar virkjanir, sem eru utan skipulagssvæðisins, veita einnig rafmagn inn á þessa veitu.⁵

Nýlega hóf saltverksmiðja starfsemi þar sem áður var starfrækt laxeldi. Unnið er kristalsjárvarsalt, þar sem jarðhitinn er nýttur, líkt og gert var í lok 18. aldar sbr. kafla 9.1.5 Menningarminjar.

Ýmis starfsemi hefur verið á svæðinu í gegnum tíðina. Á árunum 1934-1996 var rekinn þar skóli, lengst af héraðsskóli með heimavist og standa þau mannvirki enn. Um miðja öldina var þar einnig rekið heilsuhæli. Þá var rekið laxeldi um tíma á síðari hluta tuttugustu aldar.⁶

Vegakerfið í Reykjanesi breyttist verulega með tilkomu brúar yfir Mjóafjörð árið 2009. Fyrir breytingarnar lá Þjóðvegur 61 Djúpvogur vestan við Reykjafjörð en Reykjanesvegur 634, sem var um 12 km, lá um austanvert Reykjanesið. Þjóðvegur 61 liggur nú um vestanvert Reykjanesið og þverar Reykjafjörð við mynni hans. Fyrri Reykjanesvegur, þ.e. heimreiðin að Reykjanesi, hefur verið lagður af en nýr Reykjanesvegur liggur frá Þjóðvegi 61 til austurs og er 0,4 km langur.

Lendingarstaður, þ.e. 700 m flugbraut er í Reykjanesi en hann er á skrá hjá Flugmálastjórn sem flugvöllur í flokki 3; malarvöllur á ljósa.⁷ Flugvöllurinn nýtist sem sjúkraflugvöllur en einnig fyrir einkaflug.

¹ Vegagerðin 2003, bls. 29.

² Helgi Torfason 2003, bls. 26 í viðauka 2 C.

³ Vegagerðin 2003, bls. 29.

⁴ Aðalskipulag 1999-2018

⁵ Aðalskipulag 1999-2018.

⁶ Land & Saga, heimasíða.



Mynd 1-2 Sérstæðir klettur á austanverðu Reykjanesi.

1.6.3 Landslag og náttúrufar

Allt land Reykjanes er á náttúruminjaskrá. Svæðið er eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum, með sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.⁸

Yst á nesinu er mikið af basaltsteinum sem hafa sérstakt útlit sökum sjávarrofs.⁹


Skortur er á fersku vatni í Reykjanesi, en þar er mikið af heitu vatni; samtals 25-30 l/s af 80-90°C. Í Hveravík er allt að 30 l/s af 70-80°C í flæðamálinu. Við skólann koma upp 5-10 l/s af 90-95°C heitu vatni og um 3 l/s af 80-90°C. Í Kollahver og nágrenni eru um 2,5 l/s af 70-90°C og nokkrar smálindir af 20-40°C. Á Reykjanesi hafa verið boraðar 3 holur. Vatnsborð einnar stendur í 2 metrum og gæti gefið 3-5 l/s af 90°C með dælingu, en hinar gefa samtals 25-30 l/s af rúmlega 90°C.¹⁰

⁷ Flugmálastjórn 2006, bls. 19

⁸ Náttúruminjaskrá.

⁹ Vegagerðin 2003, bls. 23.

¹⁰ Sveinbjörn Oddsson o.fl. 2009, bls. 74-75.



Mynd 1-3 Yfirborðsjarðhiti í Reykjanesi við Djúp. Haukur Jóhannesson 2007.


Dýralíf er fjölskrúðugt, s.s. ýmsar fuglategundir einkum á austanverðu nesinu.¹¹ Hægt er að sjá yfir 30 tegundir í nágrenni Reykjanes. Má þar nefna vaðfugla í fjörum, lóm og andfugla í tjörnum og steindepil og sólskríkju á klapparholtum. Rauðbrysting má sjá á vorin í Reykjafirðinum og fellistöðvar straumandar eru við Reykjanes.¹² Mjög algengt er einnig að sjá seli á skerjum og steinum í fjörum á svæðinu.

Úrkoma í Reykjanesi er með því minnsta á landinu, sbr. mynd 1-2, en vatnsmiðlun á svæðinu er eingöngu frá úrkomu. Gróðurfar ber einkenni af þessu, þar sem grunnvatnsborð sveiflast því líklega mikið eftir árferði. Mýrvatni er haldið uppi af klettarönum og verður staðið og súrefnissnautt í þurrkum og hæðir og ásar eru illa gróin og mjög þurr. Jarðhiti á svæðinu hefur einnig áhrif á gróðurfar, en kringum hverji og laugar myndast sérstök búsvæði.¹³

¹¹ Böðvar Þórisson o.fl. 2003, bls. 12.

¹² Böðvar Þórisson, glærur.

¹³ Arnlín Óladóttir 2003, bls. 18.



Mynd 1-4 Meðalúrskoma ársins 1991-2000. Veðurstofa Íslands.

Í Reykjanesi er einn af þremur fundarstöðum vatnamyntu (lat. *Mentha aquatica*) á landinu. Vatnamynta er alfriðuð en hún er afar sjaldgæf og finnst eingöngu við laugar.¹⁴



Mynd 1-5 Vatnamynta við Kolahver, að hausti.

¹⁴ Flóra Íslands, heimasíða.

1.6.4 Útivist

Möguleikar til útivistar í Reykjanesi eru miklir, enda sérstæð náttúra með langa strandlengju og svæðið mjög aðgengilegt. Svæðið er almennt talið áhugaverður fuglaskoðunarstaður.

Strandsvæði Reykjanes er vinsælt meðal kafara, sem skoða hvergi á sjávarbotni og lífríki umhverfis þá.¹⁵ Þá er svæðið upphaldsstaður margra kajakræðara. Sjórinn er oft lygn við nesið og dýralíf fjölskrúðugt. Sundlaugin býður upp möguleika til æfinga áður en haldið er á sjóinn.¹⁶

Við færslu þjóðvegarins, frá austanverðu nesinu yfir á það vestanvert, jukust útivistarmöguleikar á því svæði sem hefur hvað fjölskrúðugasta náttúru. Gamli vegurinn getur nýst sem reið- og gönguleið og til fugla- og selaskoðunar.¹⁷



Mynd 1-6 Gamla sundlaugin var byggð árið 1889.

1.6.5 Menningarminjar

Á seinni hluta átjándu aldar var þar starfrækt saltvinnsla, fyrir tilstuðlan Danakonungs. Á fyrri hluta tuttugustu aldar nýtti Ernst Frezeníus jarðhitann til gróðurhúsaræktunar.¹⁸ Ekki eru heimildir um fastan búskap í Reykjanesi, en nesið var þó nýtt til ræktunar. Við lok saltvinnslunnar lagðist byggð af í Reykjanesi þar til í upphafi tuttugustu aldar þegar barna og héraðsskólinn er stofnaður.¹⁹ Menn hafa lengi stundað sund, leirböð og ýmsa útivist í Reykjanesi. Sundkennsla hófst þar á fyrri hluta nítjándu aldar, en fyrsta sundlaugin var byggð 1889. Sundhús var reist við sundlaugina árið 1898 (byggingarár skv. fasteignaskrá) en var síðar flutt og stendur nú við bryggjuna á Vestastatanga. Húsið er friðað skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

¹⁵ Vegagerðin 2003, bls. 23.

¹⁶ North Explorers, heimasíða.

¹⁷ Rúnar Óli Karlsson 2003, bls. 2.

¹⁸ Finnbogi Hermannsson.

¹⁹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 3-6.



Mynd 1-7 Fornleifakönnun í Reykjanesi. (Náttúrustofa Vestfirðra).

Sumarið 2013 vann Tæknideild Ísafjarðar húsakönnun á skipulagssvæðinu. Könnuð voru 17 hús, en 10 þeirra eru metin hafa mikið varðveislu- og/eða menningarsögulegt gildi.

Skv. 4 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs. Skv. 9. gr. sömu laga vinnur Húsafriðunarnefnd að stefnumörkun um verndun byggingararfs ásamt Minjastofnun Íslands.

Í janúar 2013 vann Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, hjá Náttúrustofu Vestfjarða, fornleifakönnun á skipulagssvæðinu. Alls voru skráð 39 minjanúmer, en mörg þeirra eru aðeins heimildir um minjar.²⁰ Í skýrslu fornleifafræðingsins kemur fram að svæðið sé afar merkilegt s.s. vegna saltvinnslunnar á 18. öld. Flestar minjar um saltvinnsluna hafa skemmst þegar skólahús og sundlaug voru gerð í Reykjanesi.²¹ Þó er mögulegt að 92 m langt garðlag norðaustan núverandi sundlaugar séu minjar frá saltvinnslunni.²² Sundlaugin frá 1889 er að hluta uppistandandi en engin merki fundust um torflaug frá 1837, enda líklegt að hún hafi verið á sama stað.²³ Aðrar minjar sem fundust á svæðinu eru byggingarleifar (naust og fjárhús), garðrækt (kálgarður) samgöngubætur (vörður og stígar) hleðslur og niðurgroftur. Nokkrar vörður sem skráðar eru geta verið nýjar.²⁴

Fornminjar, skv. 3 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

1.6.6 Náttúruvá

Reykjanesið er utan líklegra hættusvæða vegna ofanflóða.

Skipulagssvæðið er á láglandi við sjó, en töluverð óvissa er um hve mikið sjávarborð muni hækka á öldinni. Gera þarf þó ráð fyrir um hálf metra hækkun sjávaryfirborð að lágmarki. Að auki þarf að taka tillit til landsigs þar sem þess gætir.²⁵ Strandlengja Reykjanes er afar löng miðað við stærð jarðarinnar. Ljóst er því að hækkun sjávarborðs í framtíðinni getur haft tiltölulega mikil áhrif á svæðið almennt. Flestar byggingar á svæðinu eru í meira en 5 m.y.s. en þó eru byggingar sem standa neðar og mjög nálægt fjöruborði.

1.6.7 Verndarákvæði

Allt Reykjanesið er á Náttúruminjaskrá. Skv. 38. gr. náttúrverndarlaga nr. 44/1999 er skylt að leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminum á náttúruminjaskrá.

²⁰ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 32.

²¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 32-33.

²² Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bl.s 27.

²³ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 12.

²⁴ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013, bls. 10-32.

²⁵ Umhverfiráðuneytið 2008, bls. 97.

2 Umhverfismat áætlana

Deiliskipulagið felur ekki í sér stefnu sem er háð umhverfismati skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Mikilvægt er þó að meta áhrif deiliskipulagsins til að tryggja að framfylgd þess rýri ekki sérstöðu náttúru hreppsins, enda fellur svæðið undir þau svæði sem tilgreind eru í 3. viðauka reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum, s.s. er svæðið á náttúruminjasrá, þar eru sérstæðar jarðmyndanir og gróðurfar auk fjölskrúðugs fuglalífs. Svæðið hefur því lægri þolmörk gagnvart framkvæmdum.

Umhverfismatinu er ætlað að stuðla að því að deiliskipulagið verði í sátt við náttúru svæðisins með því að meta hve mikla starfsemi og mannvirkjagerð Reykjanesið þoli án þess að til hnignunar komi á náttúrufari. Umhverfismatinu er einnig ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja umhverfis-, félagsleg-, og efnahagsleg sjónarmið til grundvallar við deiliskipulagsgerðina. Þannig er leitast við að lágmarka neikvæð áhrif og að sama skapi hámarka þau jákvæðu í deiliskipulaginu. Í umhverfismatinu er fjallað um varanleika áhrifa, afturkræfni og hversu víðtæk þau kunna að verða.

2.1 Valkostir

Fjallað er um þrjá valkosti í umhverfismatinu og skoðað hvaða áhrif þeir eru líklegir til að hafa á tiltekna umhverfisþætti. Jafnframt er skoðað hvernig þeir samrýmast markmiðum deiliskipulagsins sem og markmiðum Aðalskipulags Súðvíkurhrepps 1999-2018. Markmið aðalskipulagsins eru almennt í samræmi við stefnuskjöl stjórnvalda. Valkostirnir eru:

- Óbreytt ástand
- Uppbygging í tengslum við núverandi byggð, nyrst á nesinu
- Uppbygging á öllu nesinu

2.2 Umhverfisþættir, viðmið og vísar

Umhverfisþættir eru þættir umhverfismatsins sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Til að hægt sé að meta umfang og vægi áhrifa eru skilgreind viðmið sem m.a. er að finna í lögum og reglugerðum, skipulagsáætlunum og stefnuskjölum stjórnvalda. Umhverfisvísar verða notaðir til að meta ástand umhverfisþáttanna. Taflan að neðan sýnir umhverfisþætti, viðmið og vísa sem matið byggir á.

Í lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleif, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafraeðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.“ Val á umhverfisþáttum tekur mið af því.

Tafla 2-1. Umhverfisþættir, viðmið og vísar.

Umhverfisþáttur Tengsl	Vísar	Viðmið
Mannvirki, menningarminjar og saga Uppbygging getur raskað sögu- og menningarminjum	Ásýnd Staðsetning mannvirkja Byggingarstíll Fornleifakönnun Húsakönnun	Aðalskipulag Súðvíkurhrepps 1999-2018 Lög um menningarminjar nr. 80/2012

<i>Atvinnulíf, þjónusta og íbúápróun</i> Nýting jarðvarmans til atvinnuuppbyggingar getur haft áhrif á þjónustu og íbúápróun á svæðinu.	Staða atvinnulífs Hagvöxtur Fjölbreytni Þjónustustig Íbúafjöldi	Sóknaráætlun landshluta Aðalskipulag Súðvíkurhrepps 1999-2018 Byggðaáætlun fyrir Vestfirði
<i>Eignir og efnisleg verðmæti</i> Uppbygging á svæðinu getur haft áhrif á virði eigna og nýtingu á þeim mannvirkjum sem fyrir er á svæðinu.	Fasteignaverð Nýting mannvirkja Verðmætasköpun	Fasteignamat Samanburður við önnur svæði
<i>Gróður og dýralíf</i> Uppbygging getur haft neikvæð áhrif á gróður og dýralíf. Dæmi eru truflun á dýralífi, rask og takmarkað aðgengi að búsvæðum og skerðing á ákveðnum gróðurlendum eða plöntutegundum.	Tegundir á valista Rask á vistkerfi Búsvæði fugla Selalátur	Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun Aðalskipulag Súðvíkurhrepps 1999-2018 Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Ramsarsamningur um votlendi Samningur og stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni Válisti: Plöntur og dýr
<i>Landslag</i> Uppbygging og framkvæmdir breyta ásýnd svæðisins. Sjónrænt áhrifasvæði getur verið stórt.	Fágæti Nýtingarsaga Ásýnd	Náttúruminjaskrá Evrópski landslagssáttmálinn
<i>Náttúruminjar</i> Uppbygging og nýting jarðvarma getur haft neikvæð áhrif á vatnsbúskap á svæðinu. Uppbygging getur einnig spillt öðrum náttúruminjum eins og jarðmyndunum og hverasvæðum.	Vatnsbúskapur Ástand jarðmyndana	Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 m.s.br. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011
<i>Útivist og upplifun</i> Útivist er mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu, auk þess að hafa ýmis jákvæð áhrif á líðan fólks almennt. Útivist og upplifun íbúa og gesta eru ein af forsendum fyrir lífsgæðum.	Aðgengi Sérstaða	Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020. Aðalskipulag Súðvíkurhrepps 1999-2018

2.2.1 Möguleg áhrif mismunandi valkosta

Mat á áhrifum deiliskipulagsins byggir á þeim gögnum sem nú liggja fyrir s.s. athugunum á fuglum, gróðri, jarðvarma, fornminjum og húsakönnun. Aðrar forsendur fyrir mati á áhrifum miðast við reynslu af öðrum sambærilegum áætlunum.

Tafla 2-2. Umhverfisáhrif mismunandi valkosta.

Umhverfisþáttur	Valkostir		
	1. Óbreytt ástand	2. Uppbygging í tengslum við núverandi byggð, nyrst á nesinu	3. Uppbygging á öllu nesinu
<i>Mannvirki, menningarminjar og saga</i>	0 Óveruleg áhrif, en fer þó eftir því hvernig staðið er að viðhaldi.	? Háð útfærslu. Saga er um byggð á norðanverðu nesinu og getur uppbygging þar orðið eðlilegt framhald	- Uppbygging á öllu nesinu er ekki í samræmi við sögu svæðisins og breytir því ásýnd þess verulega.

		þeirrar sögu. Uppbyggingin getur þó spillt menningarminjum.	
<i>Atvinnulíf, þjónusta og íbúaþróun</i>	- Svæðið þarfnast eflingar til að styrkja og styðja við núverandi starfsemi.	+ Uppbygging í tengslum við núverandi byggð er líkleg til að styrkja og styðja við núverandi starfsemi auk þess að efla atvinnulíf og þjónustu fyrir íbúa hreppsins.	++ Uppbygging á öllu nesinu er líkleg til að styrkja og styðja við núverandi starfsemi auk þess að efla atvinnulíf og þjónustu fyrir íbúa hreppsins.
<i>Eignir og efnisleg verðmæti</i>	- Svæðið hefur átt undir högg að sækja, þannig að viðhald hefur verið í lágmarki. Óbreytt ástand er ekki líklegt til að snúa þeirri þróun við.	+ Uppbygging í tengslum við núverandi byggð er líkleg til að styrkja og styðja við núverandi starfsemi og auka þannig verðmæti eigna á staðnum.	+/- Uppbygging á öllu nesinu er líkleg til að styrkja og styðja við núverandi starfsemi og auka þannig verðmæti eigna á staðnum. Of ágeng uppbygging sem ekki tekur mið af gæðum svæðisins getur þó haft neikvæð áhrif.
<i>Gróður og dýralíf</i>	0/- Engin breyting. Takmarkaðar upplýsingar og illa skipulögð nýting getur þó leitt til hnignunar gróður og dýralífs.	-/0 Aukin uppbygging getur haft neikvæð áhrif á gróður og dýralíf. Með því að takmarka uppbyggingu við þau svæði sem þegar eru byggð verða áhrifin þó takmörkuð og ósnortnum svæðum verður hlíft.	-- Uppbygging á öllu nesinu er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á gróður og dýralíf. Áhrifin eru líkleg til að vera varanleg. Mikilli uppbyggingu fylgir einnig meiri umgangur og þar með aukið álag.
<i>Landslag</i>	0 Engin breyting.	?/+ Uppbygging á svæðinu mun breyta ásýnd þess, en það er þó háð útfærslu. Breytingin getur verið jákvæð ef hún styrkir núverandi byggð og styður við ímynd svæðisins.	-- Uppbygging á öllu nesinu mun leiða til verulegrar og varanlegar breytingar á ásýnd svæðisins. Ímynd svæðisins, sem byggir á náttúru þess, mun raskast.
<i>Náttúruminjar</i>	0 /- Engin breyting. Takmarkaðar upplýsingar og skortur á skipulagi getur leitt til þess að náttúruminum verði spillt.	? Háð útfærslu. Stærstur hluti jarðvarmans er á þessu svæði. Uppbygging þarf að taka mið af náttúruminum á svæðinu. Tryggja þarf að nýting jarðvarmans verði sjálfbær.	? Háð útfærslu. Tryggja þarf að nýting jarðvarmans verði sjálfbær.
<i>Útivist og upplifun</i>	- Aðgengi að svæðinu er ómarkvisst og réttur almennings til að njóta náttúrunnar er óljós.	+ Markviss stefna og uppbygging getur eftt svæðið sem útivistarsvæði. Með því að takmarka uppbyggingu við núverandi byggð er helstu útivistarsvæðum og náttúru hlíft.	-- Mikil uppbygging er líkleg til að rýra gildi svæðisins sem útivistarsvæðis vegna aukins álags á náttúru. Auk þess getur mikil uppbygging skert aðgang, umfang og gæði útivistarsvæða.

Skýringar

++ Veruleg jákvæð áhrif	-- Veruleg neikvæð áhrif
+ Jákvæð áhrif	- Neikvæð áhrif
0 Engin eða óveruleg áhrif	? Óvissa um áhrif / vantar upplýsingar

Samanburður valkosta í töflunni að ofan leiðir í ljós að álitlegast sé að efla núverandi byggð en hlífa minna snortnum svæðum við uppbyggingu. Óbreytt ástand mun að öllum líkindum leiða til almennrar hnignunar á svæðinu. Þó uppbygging á öllu nesinu geti haft jákvæð áhrif á samfélagið er líklegt að neikvæð áhrif á náttúru og ásýnd svæðisins verði ekki ásættanleg.

Nánari umfjöllun um áhrif þess að efla byggð á núverandi stað er að finna í næsta kafla.

2.3 Áhrif uppbyggingar í tengslum við núverandi byggð, nyrst á nesinu

2.3.1 Náttúra

Dýralíf

Uppbygging nyrst á nesinu er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á dýralífið umfram það sem er í dag. Dýralíf er fjölskrúðugt í Reykjanesi, þar má m.a. sjá yfir 30 tegundir fugla og selir eru algeng sjón í fjörunum. Þetta á einkum við austanvert nesið, sunnan núverandi byggðar. Í Hveravík er þó sérstætt lífríki vegna hveravatns, sem getur orðið fyrir áhrifum af aukinni byggð. Mikilvægt er því að byggðin taki mið af sérstöðu Hveravíkur.

Aukinni byggð fylgir aukin umferð bæði akandi og gangandi fólks. Með færslu þjóðvegarins árið 2009 frá austanverðu nesinu, lagðist umferð þar nánast af. Aukin byggð nyrst á nesinu er ekki líkleg til að auka aftur umferðina um austanvert nesið. Með því að takmarka meginhluta vélknúinnar umferðar við norðanvert nesið er líklegt að dýralífið dafni vel á þessu svæði. Með eflingu byggðarinnar er einnig auknir möguleikar á að stýra allri umferð um svæðið.

Gróður

Gróðurfar á svæðinu ber einkenni af því að vatnsmiðlun á svæðinu er eingöngu frá úrkomu og að úrkoma á svæðinu er með því minnsta sem gerist á Íslandi. Á jarðhitasvæðum má einnig finna sérstök búsvæði. Sú starfsemi og byggð sem verið hefur í Reykjanesi, hefur aðallega verið nyrst á nesinu. Á þessum hluta nessins ber gróður sterk einkenni af ræktun og fyrri framkvæmdum. Þetta svæði er því ekki eins viðkvæmt fyrir uppbyggingu og önnur svæði á nesinu. Þó þarf að sýna aðgát og hlífa hverasvæðum sem flest eru á þessu svæði. Líklegt er því að uppbygging í tengslum við núverandi byggð hafi hverfandi áhrif á gróðurfar í Reykjanesi.

Náttúruminjar

Stærstur hluti jarðvarma á Reykjanesi er nyrst á nesinu. Þar er einnig mikið af basaltsteinum sem hafa sérstakt útlit sökum sjávarrofs. Náttúruminjar geta spillst vegna framkvæmda.

Hverasvæði hafa verið kortlögð, þannig að mögulegt er að beina framkvæmdum frá þeim svæðum og tryggja þannig að þeim verði ekki spillt. Mikilvægt er einnig að sérstæðar jarðmyndanir verði skráðar í sama tilgangi.

Landslag

Nesið er lágrent og einkennist af klettarönum með hálfgrónum lyngmóum og mosapembum en fjölbreyttum votlendispollum þar á milli. Norðanvert nesið einkennist af fyrri og núverandi nýtingu. Austan við hótelið eru gömul tún allt til sjávar, en vestan við það er svæðið talsvert raskað eftir fyrri framkvæmdir. Frekari uppbygging á þessu svæði mun breyta ásýnd þess að vissu marki, þó ekki sé um grundvallarbreytingu að ræða. Á þessu svæði hefur byggðin staðið frá því að Reykjanesið byggðist. Aukin byggð getur jafnframt styrkt þá byggð sem fyrir er en hún hefur staðið höllum fæti undanfarna áratugi.

2.3.2 Fornminjar

Skv. fornleifakönnun á svæðinu eru flestar minjar á norðanverðu nesinu, enda byggð jafnan verið bundin við það svæði. Mikið af minjum hefur þó spillst við síðari framkvæmdir. Svæðið telst þó afar merkilegt m.t.t. fornminja. Fornminjar, skv. 3 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Uppbygging á þessu svæði á því ekki að hafa neikvæð áhrif á fornminjar, sé fullt tillit tekið til friðunar þeirra.

Skv. húskönnun fyrir svæðið eru 10 hús talin hafa mikið varðveislu- og/eða menningarsögulegt gildi. Eins áður hefur komið fram hefur byggðin staðið höllum fæti undanfarna áratugi og tvær byggingar sem hafa hátt gildi, í fremur lélegu ástandi. Efling svæðisins er líkleg til að bæta möguleika á öfluglu viðhaldi bygginga. Gæta þarf þess þó að uppbyggingin skerði ekki varðveislugildi bygginga á svæðinu.

2.3.3 Áhrif á aðra nýtingu

Uppbyggingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag og tekur til þeirrar landnýtingar sem þar er gert ráð fyrir. Reykjanesið afmarkast af sjó á alla vegu nema á mjög stuttum kafla syðst, fjarri fyrirhugaðri uppbyggingu.

Uppbygging á austanverðu nesinu er vart sýnileg handan Ísafjarðar og hefur því afar takmörkuð áhrif að það svæði. Uppbygging á vestanverðu nesinu er sýnileg frá býlinu Reykjarfjarðar, handan Reykjarfjarðarins. Býlið stendur þó nokkru sunnar en helsta byggðin er fyrirhuguð og eru áhrifin því ekki líkleg til að verða veruleg.

Kaldavatnsöflun er erfið í Reykjanesi, en neysluvatn er fengið í landi Reykjarfjarðar. Aukin byggð kallar á meiri kaldavatnsnotkun. Frekari öflun kaldavatns í landi Reykjarfjarðar hefur áhrif á landnotkun þar, s.s. vegna vatnsverndar. Mikilvægt er að fyrirkomulag vatnsöflunar verði þannig háttað að það hafi ekki neikvæð áhrif á aðra landnýtingu í Reykjarfirði.

2.3.4 Samfélag

Almenn uppbygging er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Aukin uppbygging og efling þeirrar starfsemi og þjónustu sem þar er, eru líkleg til að bæta búsetuskilyrði í Inndjúpinu. Neikvæð áhrif eru hverfandi ef uppbyggingin er varfærin og sérstakt tillit er tekið til náttúru og sögu svæðisins.

2.4 Niðurstaða umhverfismats

Samanburður þeirra valkosta sem metnir voru sýnir að uppbygging nyrst á nesinu í tengslum við núverandi byggð er álitlegur kostur. Slík uppbygging skapar eðlilegt framhald af byggðinni á nesinu. Með því móti er jafnframt minna snortnu landi, náttúru og lífríki, hlíft við frekari framkvæmdum. Tiltölulega einfalt er að taka tillit til náttúru- og menningarminja á uppbyggingarsvæðinu.

3 Deiliskipulag

3.1 Landnotkun

Skipulagssvæðið er ætlað fyrir fjölbreytta landnotkun í sátt við náttúru svæðisins. Á svæðinu er gert ráð fyrir öflugri ferðaþjónustu, frístundabyggð og léttum iðnaði þar sem jarðhiti er nýttur á sjálfbæran hátt. Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja útivistarmöguleika á öllu nesinu, utan skilgreindra lóða, bæði á landi og sjó. Gert er ráð fyrir að flugvöllurinn verði áfram hluti af öryggisneti Inndjúpsins en nýtist einnig fyrir ferðaþjónustu og notendur svæðisins.

Þá er sérstök áhersla lögð á verndun strandsvæða sem og annarra náttúru- og menningarminja. Gert er ráð fyrir að uppbygging verði sem næst því svæði sem þegar hefur verið byggt, þ.e. á norðurhluta nassins, en syðri hluti þess verði óbyggður og geti nýst fyrir almenna útivist. Er það í samræmi við niðurstöðu umhverfismats skipulagsins.

3.2 Landmótun

Lögð er áhersla á að við nýframkvæmdir verði öllu raski haldið í lágmarki. Leitast skal við að laga mannvirki sem best að landinu þannig að sérstæð náttúra svæðisins fái notið sín.

Leitast er við að nýta núverandi vegi til að þjóna svæðinu og halda nýlagningu í lágmarki til að takmarka rask.

Sérstök áhersla er lögð á að ekki verði hróflað að óþörfu við strandlengjunni nema með það að markmiði að laga eldra rask eða fjarlægja mannvirki eins og fráveitulagnir.

Heimilt er þó að staðsetja minniháttar mannvirki, s.s. baðlaug í fjöruborði á skilgreindu svæði, enda teljist framkvæmdin afturkræf og hafi hverfandi áhrif á lífríkið í fjörunni og sjónum.

Við hönnun og val á staðsetningu mannvirkja skal þess gætt að þau raski ekki vatnasviði hvera og lauga.

Til að skerða ekki gæði svæðisins skal lögð áhersla á að vernda gróður utan lóða, einkum lyng og annan gróður sem hefur útivistargildi fyrir íbúa.

3.3 Lóðir, gerð húsa og byggingarreitir

Byggingarreitir eru a.m.k. í 2 m fjarlægð frá lóðarmörkum og skulu byggingar staðsettar innan þeirra. Þó er byggingarreitur sumarhúsalóða í a.m.k. 10 m fjarlægð frá lóðarmörkum.

Við staðsetningu húss á lóð skal leitast við að kostir lóðarinnar verði nýttir sem best. Á þegar byggðum lóðum er heimilt að stækka núverandi byggingar innan byggingarreits, þó þannig að heildarbyggingarmagn verði innan þess hámarks sem sett er fyrir viðkomandi lóð í lóðalista á uppdraetti 1.

Útlit húsa skal taka mið af umhverfinu og sögu svæðisins. Mikilvægt er að þær falli sem best að landslaginu og hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd og ímynd svæðisins. Mikilvægt er einnig að huga að sögu hvers svæðisins við val á efni og formi húss. Jafnframt skal sjálfbærni höfð að leiðarljósi.

3.3.1 Lóðir fyrir ýmsa þjónustu

Lóð Þ1

Lóð Þ1 rúmar núverandi rafstöð Orkubús Vestfjarða. Gert er ráð fyrir að stöðin geti einnig hýst slökkvistöð fyrir Reykjanes og nágrenni. Heimilt er að stækka byggingu innan byggingarreits í samræmi við lóðarlista á uppdrætti. Leitast skal við að fella mannvirki eins vel að landinu og kostur er. Hugað skal að vönduðu útliti sem fellur vel þeim mannvirkjum sem fyrir eru.

Lóð Þ2

Lóð Þ2 er ætluð fyrir bensínstöð, þ.e. söluskála og tengda þjónustu og eldsneytisdælur og mannvirki þeim tengdum. Leitast skal við að fella mannvirki eins vel að landinu og kostur er. Hugað skal að vönduðu útliti sem fellur vel þeim mannvirkjum sem fyrir eru, því lóðin er vel sýnileg frá þjóðvegi og getur því haft áhrif ímynd svæðisins.

Lóð Þ3

Lóð Þ3 er ætluð fyrir þjónustuhús fyrir bryggjuna.

Á lóðinni stendur 22,3m² bygging. Upphaflega var byggingin reist sem búningsklefi við gömlu sundlaugina árið 1898. Síðar var húsið flutt að bryggjunni og nýtt sem aðstaða við hana. Byggingin er friðuð skv. aldursákvæði minjalaga. Heimilt er að viðhalda og endurbæta húsið í samræmi við upprunalegt útlit þess, að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands í samræmi við 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Jafnframt er heimilt að flytja húsið til baka þar sem það stóð í upphafi, sjá umfjöllun um lóð Þ9, neðar í kaflanum.

Komi til flutnings á núverandi húsi er heimilt að reisa nýtt þjónustuhús á lóðinni í samræmi við lóðalista á uppdrætti 1.

Sunnan við lóðina eru rústir nausts. Friðhelgað svæði umhverfis rústina er 15 m og um verndun hennar gilda ákvæði laga um menningarminjar sbr. kafla 2.13 Verndarákvæði. Friðhelgað svæði skarast við byggingarreit lóðar Þ3 en milli hans og rústarinnar er vegur. Það er því ólíklegt að framkvæmdir innan byggingarreitsins geti skaðað rústina.

Lóð Þ4

Gert er ráð fyrir möguleikum á uppbyggingu útibaðstöðu á lóð Þ4. Ekki er gert ráð fyrir byggingum á lóðinni enda lóðin öll innan 50m frá sjó. Heimilt er að staðsetja látlausar setlaugar eða einfalda aðstöðu til sjóbaða, enda teljist framkvæmdin að fullu afturkræf. Mannvirki skulu falla sem best að landinu og þess gætt að starfsemin valdi sem minnstri truflun á lóð S1. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að takmarka hugsanlega truflun, s.s. skermun eða takmarkanir sem sundlaugargestir eru upplýstir um. Tilhögun slíkra ráðstafana skal vera í samráði við lóðarhafa Hveravíkur.

Þess skal jafnframt gætt að leið fótgangandi meðfram ströndinni verði ekki hindruð sbr. 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt skal forðast að raska náttúruvinnu sbr. 37. gr. sömu laga. Áður en gefin er út heimild til framkvæmda skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir. Sé afstaða Umhverfisstofnunar neikvæð, skal skoðað hvort önnur svæði séu hentugri s.s. Pumphúsvík eða ströndin á vestanverðu

nesinu. Færsla svæðisins kallar á deiliskipulagsbreytingu en hugsanlegt er að fara með breytinguna sem óverulega.

Tryggja skal að framkvæmdir auki ekki hættu á landbroti innan svæðisins.

Á austasta hluta lóðarinnar eru rústir fjárhúsa, sem talið er líklegt að séu frá miðri síðustu öld. Friðhelgað svæði umhverfis rústina er 15 m og um verndun hennar gilda ákvæði laga um menningarminjar sbr. kafla 2.13 Verndarákvæði.

Lóðin er innan hverfisverndarsvæðis H1 og gilda því ákvæði hverfisverndar á henni sbr. kafla 2.6 Hverfisvernd.

Lóð Þ5

Lóð Þ5 stækkar úr 9.750 m² í tæpa 18.962 m² en hún er ætluð fyrir hótél og aðra ferðaþjónustu, ásamt íbúðum tengda starfseminni. Heimilt er að auka byggingarmagn innan byggingarreits lóðarinnar í samræmi við lóðartöflu á uppdrætti 1. Nýjar byggingar geta verið viðbyggingar við núverandi húsnæði og/eða ný bygging s.s. bætt aðstaða fyrir sundlaugargesti.

Gert er ráð fyrir að leið sundlaugagesta til sjávar liggi vestan við lóðina Hveravík (S1), en lögð er áhersla á að umferðin valdi ekki truflun á lóðinni. Tryggja þarf öryggi á leiðinni vegna heitra lækja, s.s. með stiklum yfir heit svæði.

Gera skal ráð fyrir bílastæðum fyrir lóðir Þ6 og T3 á lóð Þ5 sbr. kafla 3.5 Bílastæði.

Á lóðinni er borhola sbr. kafla 3.3.5 Önnur mannvirki. Tryggja skal viðeigandi öryggi umhverfis borholuna en þess einnig gætt yfirbygging hennar falli vel að landslagi og spilli ekki gæðum lóðarinnar.

Lóð Þ6

Á lóð Þ6 er gert ráð fyrir gufubaði eða sambærilegri nýtingu á jarðvarma. Innan byggingarreits er heimilt að reisa mannvirki tengdum gufubaði s.s. búningsklefum, salerni og setlaugar í samræmi við lóðartöflu á uppdrætti 1. Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóðinni, en heimilt er að nýta stæði á lóð K.

Forðast skal að raska náttúruuminjum sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Lóðin er innan hverfisverndarsvæðis H3 og gilda því ákvæði hverfisverndar á henni sbr. kafla 3.7 Hverfisvernd.

Lóð Þ7

Á lóð Þ7 er gert ráð fyrir ípróttavelli. Ekki er gert ráð fyrir byggingum á lóðinni.

Lóð Þ8

Á lóð Þ8 er einungis gert ráð fyrir hestagerði.

Lóð Þ9

Lóð Þ9 rúmar Gömlu sundlaugina og Kolahver ásamt fleiri hverum. Innan lóðar er einungis gert ráð fyrir framkvæmdum sem hafa það að markmiði að viðhalda og vernda svæðið og þær minjar sem þar eru.

Innan lóðarinnar eru skráðar 6 fornminjar og um þær gilda ákvæði laga um menningarminjar, sbr. kafla 2.13 Verndarákvæði. Heimilt er að flytja gamla baðhúsið sem næst sínum upprunalega stað eða endurreisa það, ásamt því að lagfæra sundlaugina og bæta aðstöðu til baða, að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands í samræmi við 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Jafnframt skal leitað umsagnar Umhverfisstofnunar í samræmi við 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóðinni, en að meginaðkoma að henni verði frá gömlu heimreiðinni að Reykjanesi.

Lóðin er innan hverfisverndarsvæðis H3 og gilda því ákvæði hverfisverndar á henni sbr. kafla 3.7 Hverfisvernd.

Lóð Þ10

Núverandi flugvöllur er á lóð Þ10 ásamt stærstum hluta öryggissvæðis hans. Innan byggingarreita er heimilt að reisa látlausu þjónustubyggingu tengda flugsamgöngum í samræmi við lóðalista á uppdrætti. Heimilt er að viðhalda og endurbæta núverandi flugvöll. Leitast skal við að halda jarðraski í lágmarki og þess gætt að valda sem minnstri truflun á lífríki svæðisins.

3.3.2 Tjaldsvæði og smáhýsi

Gert er ráð fyrir tveimur lóðum fyrir tjaldsvæði og einni smáhýsalóð.

Lóð T1

Á lóð T1 er gert ráð fyrir almennu tjaldsvæði með bílastæðum. Heimilt er að reisa þjónustuhús innan byggingarreits í samræmi við lóðartöflu á uppdrætti.

Lóð T2

Á lóð T2 er gert ráð fyrir allt að 10 smáhýsum til útleigu. Hámarksstærð húsa er 25m² en samanlögð stærð bygginga á lóðinni skal vera í samræmi við lóðarlista á uppdrætti. Gert er ráð fyrir allt að 10 bílastæðum á lóðinni.

Lóð T3

Á lóð T3 er eingöngu gert ráð fyrir stæðum fyrir tjöld og lágmarks aðstöðu. Ekki er gert ráð fyrir salernum á lóðinni, en að aðstaða á lóð Þ6 og Þ5 verði nýtt. Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóðinni, en heimilt er að nýta stæði á lóð Þ5.

3.3.3 Sumarhúsalóðir

Gert er ráð fyrir 18 nýjum sumarhúsalóðum, en fyrir er ein slík lóð. Allar lóðirnar eru staðsettar á vestanverðu nesinu fyrir utan lóð S1 sem er á norðanverðu nesinu. Sex lóðir eru vestan við Hádegishól og eru þær í góðum tengslum við ferðaþjónustu á svæðinu. Tólf lóðir eru vestan þjóðveggarins, við Seleyrar og Sjóarhjalla.

Lóð S1

Lóð S1 er í Hveravík en lóðum er ekki fjölgað þar. Þar er gamalt íbúðarhús, byggt 1934 og er nú skilgreint sem sumarhús, ásamt skúr/gróðurhús sem byggt var 1960. Heimilt er að viðhalda og stækka sumarhúsið og gróðurhúsið í samræmi við lóðarlista á uppdrætti 1.

Gert er ráð fyrir að leið sundlaugagesta til sjávar frá lóð Þ5 liggji vestan við lóðina Hveravík, en lögð er áhersla á að umferðin valdi ekki truflun á lóðinni. Sjá einnig kafla um lóð Þ5.

Lóðir S2-S19

Á lóðum S2-S19 er heimilt að reisa sumarhús á einni hæð ásamt hugsanlegum kjallara eða risi í samræmi við lóðarlista á uppdrætti 1. Hús skulu vera látlaus og sérstaklega hugað að því að þau falli vel að landslaginu. Einkum skal litið til þess að hús standi ekki of hátt í landinu, en mesta gólfhæð yfir núverandi landi skal vera 0,5 m.

3.3.4 Athafnalóðir

Gert er ráð fyrir léttum iðnaði á austurhluta nessins, þar sem áður var fiskeldi. Einkum skal litið til iðnaðar sem getur nýtt jarðvarma á sjálfbæran hátt og eflir ímynd svæðisins. Starfsemi á svæðinu skal hafa sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi.

Lóð A1

Á lóð A1 er gert ráð fyrir seiðaeldi eða sambærilegum iðnaði. Lögð skal áhersla á vistvæna starfsemi og snyrtilega umgengni.

Lóð A2

Á lóð A2 er starfrækt vistvæn saltvinnsla. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vistvæns matvælaíðnaðar á lóðinni. Heimilt er að viðhalda og stækka byggingar innan byggingarreits í samræmi við lóðarlista á uppdrætti 1. Einungis er heimilt að viðhalda þeirri byggingu sem stendur utan byggingarreits. Lóðin stendur mjög nærri sjávarbakka vegna nýtingu sjóvatns, en tryggja skal að leið fótgangandi meðfram ströndinni verði ekki hindruð sbr. 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Lóðir A3-A7

Lóðir A3-A7 eru ætlaðar fyrir vistvæna starfsemi, einkum matvælaframleiðslu, ylrækt eða starfsemi sem styrkir ferðaþjónustuna og ímynd svæðisins.

Lóð A8

Lóð A8 er staðsett á vestanverðu nesinu. Á henni stendur tækjahús með NDB-vita Isavia. Tvö loftnetsmöstur standa utan lóðar í um 50 m fjarlægð frá tækjahúsinu, norðan og sunnan við það. Svæði sem nær 50 m frá húsi og möstrum er skilgreint sem hættu- og athafnasvæði. Innan þessa svæðis eru byggingar ekki heimilar. Þó er heimilt að stækka og endurbæta tækjahús innan byggingarreits í samræmi við lóðalista á uppdrætti 1.

3.3.5 Önnur mannvirki

Hafnaraðstaða

Bryggja er við nesið norðvestanvert. Heimilt er að viðhalda og endurbæta bryggjuna og aðstöðu við hana. Sunnan bryggjuna eru rústir nausts. Friðhelgað svæði umhverfis rústina er 15 m og um verndun hennar gilda ákvæði laga um menningarminjar sbr. kafla 2.13 Verndarákvæði. Sem viðbót við aðstöðuna við bryggjuna er gert ráð fyrir smábátalægi við Skegghólma á austanverðu nesinu. Heimilt er að dýpka innsiglinguna og laga aðstæður þannig að lægið henti smábátum. Halda skal öllu jarðraski í lágmarki og forðast að raska náttúruminjar sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Áður en gefin er út heimild til framkvæmda skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Borholur

Þrjár borholur eru á skipulagssvæðinu. Ein þeirra er á lóð Þ5 en tvær eru utan lóða sunnan við hana. Tryggja skal viðeigandi öryggi umhverfis borholur en þess einnig gætt yfirbyggingar falli vel að landslagi og spilli ekki gæðum lóða og svæðisins í heild.

Víkjandi mannvirki

Gamall vatnstankur stendur sunnan við lóð Þ1. Gert er ráð fyrir að tankurinn víki og því er ekki skilgreind lóð fyrir hann.

3.4 Bílastæði

Á lóðum Þ6 og T3 er ekki gert ráð fyrir bílastæðum, en gert ráð fyrir að bílastæði á lóð Þ5 verði nýtt fyrir þessar lóðir. Gert er ráð fyrir a.m.k tveimur bílastæðum á hverri sumarhúsalóð. Á öðrum lóðum skal gera ráð fyrir bílastæðum í samræmi reglugerð. Fyrirkomulag bílastæða skal birt í gögnum fyrir byggingarleyfisumsókn. Bílastæði eru ekki sýnd á skipulagsupprætti.

3.5 Takmarkanir vegna mannvirkja

3.5.1 Hindranafletir

Hindranafletir landingarstaðarins er skilgreindur af Isavia. Hindranafletirnir stíga skáhalt upp í 85 m.y.s. frá endum flugbrautarinnar að 1630 m fjarlægð. Til hliðanna stíga fletirnir upp í 40 m.y.s. að 196 m fjarlægð. Hindranafletirnir ákvarða hámarkshæð mannvirkja á svæðinu neðan þeirra. Miðað er við hæð yfir sjávarmáli og hefur hæð landsins því áhrif á hámarkshæðina. Hindranafletirnir eru sýndir á upprætti.

3.5.2 Hættu- og athafnasvæði

Svæði sem nær 50 m frá NDB-vita og loftnetsmöstrum er skilgreint sem hættu- og athafnasvæði, vegna hugsanlegs falls og viðhalds. Innan þessa svæðis eru byggingar ekki heimilar, nema innan byggingarreits, sjá kafla 3.3.4 Athafnalóðir. Í 250-500 m fjarlægð frá möstrum má búast við truflunum á útvarps- og sjónvarpsmóttöku. Það svæði nær til nánast allra lóða á nesinu að undaskildum sumarhúsalóðum við Sjóarhjalla og lóð landingarstaðarins. Hættu- og athafnasvæðið er sýnt á upprætti.

3.5.3 Helgunarsvæði vega

Í grein 5.3.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að ekki skuli staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m, en aðrar byggingar skulu ekki vera nær en 50 m.

Samkv. 32. gr. Vegalaga nr. 80/2007 má ekki staðsetja byggingar eða önnur mannvirki, s.s. skilti, nær stofnvegi en 30 m frá miðlínu og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til. Sömu takmarkanir eru á svæðum við vegamót en þau takmarkast af beinni línu milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra.

Fjarlægðir frá miðlínu vega eru sýndar á uppdrætti.

Leita skal leyfis veghaldara um staðsetningu mannvirkja innan byggingarreits á lóð Þ2. Einnig skal leita leyfis veghaldara um staðsetningu skiltis innan skiltisreits.

3.6 Hverfisvernd

Gert er ráð fyrir að þrjú svæði njóti hverfisverndar, öll tengd jarðvarma og nýtingu hans. Svæðin eru Hveravík (H1), heit tjörn austan sundlaugar (H2) og svæðið kringum Kollahver og Gömlu sundlaugina ásamt jarðhitasvæði norðan hennar og sérstæðri náttúru sunnan hennar (H3).

3.6.1 Hveravík - H1

Svæðið liggur milli Vestastatanga og Miðtanga og afmarkast af veginum ofan Hveravíkur. Heitt vatn er í sjávarmálinu. Lóð Þ4 er innan svæðisins.

Ákvæði

- Tryggt skal að framkvæmdir raski ekki sérstæðri náttúru og sérkennum víkurinnar
- Óheimilt er að breyta eða skerða heitavatnsrennsli til sjávar þannig að það raski því lífríki sem þar þrífst

3.6.2 Heit tjörn austan sundlaugar - H2

Heit tjörn utan lóðar austan sundlaugar á lóð Þ5. Norður af henni eru skráðar tvær minjar um nýtingu jarðvarmans til saltvinnslu.

Ákvæði

- Tryggt skal að framkvæmdir raski ekki sérkennum tjarnarinnar
- Tryggt skal að framkvæmdir raski ekki minjum um saltvinnslu
- Óheimilt er að breyta heitavatnsrennsli til og frá tjörninni þannig að umfang eða eðli hennar breytist verulega

3.6.3 Náttúru- og menningarminjar - H3

Svæði austan Háness, frá gömlu skólabyggingunum (lóð Þ5) í norðri og suður fyrir Gömlu sundlaug og sérstætt klettabelti við gömlu heimreiðina. Lóðirnar Þ6 og Þ9 eru innan svæðisins.

Á svæðinu sunnan gamla skólans er allmikið jarðvarmasvæði ásamt minjum um nýtingu þess, s.s. Gamla sundlaugin sem byggð var 1889. Við sundlaugina vex vatnamynta sem er alfriðuð. Meðfram gömlu heimreiðinni eru sérstæðir klettur, s.s. Karl og Kerling.

Ákvæði

- Öll nýting jarðvarma skal vera með sjálfbærum hætti og þess jafnframt gætt að skerða ekki ímynd svæðisins
- Öllu raski innan svæðisins verði haldið í lágmarki og þess gætt að skerða ekki gæði svæðisins
- Tryggja skal varðveislu minja um nýtingu jarðvarma á svæðinu
- Tryggja skal viðgang vatnamyntu á svæðinu
- Óheimilt er að raska hinu sérstæða klettabelti innan svæðisins

3.7 Veitur

Legu lagna á uppdrætti byggir á tiltækum gögnum og kunna að vera ónákvæm og eru ekki tæmandi. Við framkvæmdir getur því verið nauðsynlegt að sóna lagnir.

Hverri lóð fylgir réttur til neysluvatns. Leitast skal við að samnýta lagnir og lagnaleiðir og þess gætt að valda ekki óþarfa raski á umhverfinu. Gert er ráð fyrir að neysluvatn verði tekið úr vatnsbóli í landi Reykjafjarðar. Ekki er ljóst hvort nægjanlegt vatnsmagn er til staðar. Ef niðurstöður mælinga á vatnsmagni í Reykjarfirði sýna að vatnsmagnið sé ekki nægjanlegt fyrir byggðina í Reykjanesi mun landeigandi að skoða aðra möguleika, t.d. að sækja neysluvatn yfir Ísafjörð.

Fráveita og rotþrær skulu vera í samræmi við reglur viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Staðarval fráveitu, rotþróa og útrásar skal ákveðið af landeiganda í samræmi við álit fagaðila s.s. Náttúrustofu Vestfjarða. Í álitinu skal meta áhrif fyrirkomulags og staðsetningar á lífríki og hugsanlega mengunarhættu. Staðsetning og fyrirkomulag fráveitu skal liggja fyrir áður en lóð er úthlutað. Fráveita er ekki sýnd á skipulagsuppdrætti.

Fráveita frá athafnalóðum, þ.e. lóðum nr. A1-A7, skal leidd í sameiginlega útrás til sjávar. Vinnusvæði þar sem mengandi efni eru meðhöndluð skulu vera með föstu yfirborði þannig að hægt verði að tryggja að þau berist ekki í jarðveg, grunnvatn eða til sjávar. Tryggja skal að spilliefni berist ekki í fráveitukerfi.

Fráveita frá öðrum lóðum en athafnalóðum skal leidd í rotþró. Fyrirkomulag fráveitu, fjöldi og staðsetning, skal vera þannig að hún valdi sem minnstum áhrifum á náttúru svæðisins. Fráveita samliggjandi sumarhúsalóða skal liggja í sameiginlega rotþró fyrir hverja þyrpingu, þ.e. lóða nr. S2-S7, S8-S11 og S12-S19.

3.8 Gönguleiðir

Sérstök áhersla er lögð á að Reykjanesið verði sem aðgengilegast gangandi fólki. Tryggja skal greiða gönguleið í gegnum lóðir, aðrar en sumarhúsalóðir og athafnalóðir. Megin gönguleiðir eru sýndar á uppdrætti en legu þeirra er ekki nákvæm og skal taka mið af hönnun lóða og bygginga. Minni göngustígar skulu tengja þjónustustaði við megingönguleiðir. Gönguleiðir skulu taka mið af þörfum notenda svæðisins, og tryggja öruggar leiðir í helstu þjónustu og afþreyingu og hvetja þannig til göngu í stað aksturs. Leitast skal við að gera gönguleiðirnar aðlaðandi og lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið, sem og að gangandi umferð valdi ekki óþarfa ónæði í byggingum eða á lífríki. Áhersla er lögð á það að megingönguleiðir verði færar öllum.

Gert er ráð fyrir að gamla heimreiðin á austanverðu nesinu nýtist sem stofngönguleið, auk þess að vera reiðleið og bílvegur suður nesið. Gert er ráð fyrir áningarstöðum á völdum stöðum á þessari leið.

3.9 Reiðleiðir

Gert er ráð fyrir reiðleið sem liggur frá lóð Þ8 suður nesið eftir gömlu heimreiðinni, samhliða gönguleiðinni. Syðst á nesinu þverar reiðleiðin þjóðveginn. Samráð skal haft við veghaldara um staðsetningu þverunarinnar.

3.10 Opín svæði og útvíst

Allt land utan lóða er ætlað fyrir almenna útvíst í sátt við náttúru svæðisins.

Gert er ráð fyrir að öll strandlengja Reykjaness, að ytri mörkum netlaga, sé öllum aðgengileg til almennrar útvistar sem er í sátt við náttúruna, s.s. gönguferðir, fugla- og selaskoðanir, sjósund, köfun og kajakróðrar. Þess skal sérstaklega gætt að útvistin valdi ekki röskun í jarðmyndunum eða lífríki svæðisins, né fornminjum.

Stutt er til sjávar frá flestum sumarhúsalóðum. Eigendur sumarhúsa geta því nýtt sér aðgang að sjó til útvistar, en óheimilt er þó að hindra för almennings um fjörunnar.

3.11 Skilti og lýsing

Heimilt er að setja upp skilti innan skiltisreits sem staðsettur er við Reykjanesvegur og Djúpvegur. Uppsetning skiltis er háð leyfi veghaldara ef fyrirhuguð staðsetning er innan 30 m frá miðlínu Djúpvegur og/eða innan 15 m frá Reykjanesvegi, sbr. 32. gr. Vegalaga nr. 80/2007 um fjarlægð mannvirkja frá vegi. Sömu takmarkanir eru við vegamót en þau takmarkast af beinni línu milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra.

Vanda skal að lýsingu á öllu skipulagssvæðinu og gæta þess að hún hæfi markmiðum notenda þess. Lýsing skal vera markviss og þess gætt að hún valdi ekki sjónmengun eða truflun fyrir lífríkið.

3.12 Kvaðir

Á lóð **S1** er kvöð um lagnir og viðhald á þeim.

Á lóð **Þ5** er kvöð um umferð að borholu vegna vinnu og viðhalds. Jafnframt er kvöð um umferð að lóðum Þ6 og T3 vinnu og viðhalds.

Á lóð **Þ6** er kvöð um umferð vegna vinnu og viðhalds á lóð T3.

Kvöð er um bílastæði á lóð **Þ5** fyrir lóðir Þ6 og T3.

3.13 Verndun

Við framkvæmdir skal þess gætt að valda ekki óþarfa röskun á lífríki eða náttúru.

Í samræmi við 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins um framkvæmdir sem hætta er talin á að geti raskað náttúruminum á náttúruminjaskrá eða þeim landslagsgerðum sem tilteknar eru í 37. gr. sömu laga.

Friðhelgað svæði umhverfis fornleifar er 15 m. Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. sömu laga. Friðhelgað svæði er sýnt á uppdráttum við þær minjar sem teiknaðar eru í fornleifakönnun, nema hleðslur, vörður og stíga.

Komi fornminjar sem áður voru ókunnar í ljós við framkvæmd á svæðinu skal stöðva hana án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

4 Heimildir

Aðalskipulag 1999-2018 Súðavíkurbreppur

Alan Deverell 2011. Developing the Deep: evaluating the feasibility of establishing a recreational diving sector in the Ísafjarðardjúp area of Iceland. Mastersritgerð. Háskólinn á Akureyri og Háskólasetur Vestfjarða.

Arnín Óladóttir 2003. Gróðurfar á fyrirhuguðu nýju vegstæði frá Eyri í Ísafirði að Hörtná við Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir Vegagerðina á Ísafirði v/umhverfismats á áhrifum vegafarmkvæmda. Náttúrustofa Vestfjarða.

Böðvar Þórisson o.fl. 2003. Fuglalíf frá Mjóafirði yfir í Ísafjörð. Unnið fyrir Vegagerðina v/umhverfismats á áhrifum vegafarmkvæmda. Náttúrustofa Vestfjarða.

Böðvar Þórisson 2005. Fuglaskoðun við Djúp. Glærur kynntar á ráðstefnu á Ísafirði í apríl 2005; Náttúra Vestfjarða og ferðamenska.

Félagsmálaráðuneytið 2000. Mörk sveitarfélaga til hafsins. Álit félagsmálaráðuneytisins frá 19. október 2000. Húnbogi Þorsteinsson og Guðjón Bragason.

Finnbogi Hermannsson. Gladíólur í Reykjanesi. Grein birt á heimasíðu Súðavíkurbrepps; sudavik.is.

Flóra Íslands. Heimasíða Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir flóru landsins; floraislands.is.

Flugmálastjórn Íslands 2006. Flugmálhandbók – Ísland.

Haukur Jóhannesson. Yfirborðshiti í Reykjanesi við Djúp. Kort. Mælt af Hauki Jóhannessyni 5.-6. Apríl 2007. Ísor.

Helgi Torfason 2003. Jarðhitakort af Íslandi og ganasafn um jarðhita. Orkustofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Land & Saga. Reykjanes við Djúp. Grein birt á heimasíðu; landogsaga.is.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2013. Fornleifakönnun í Reykjanesi við Djúp. Náttúrustofa Vestfjarða, Fornleifadeild. NV nr. 01-13.

Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa og síðari viðbætur.

North Explorers. <http://www.northernexplorers.is> - Kajakparadís í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Heimasíða, heimsótt í janúar 2012.

Ragnar Edvardsson 2000. Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarvegar í Ísafjarðarsýslu. FS107-9921. Fornleifastofnun Íslands.

Ragnar Edvardsson 2003. Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarvegar í Ísafjarðarsýslu. Viðbótarskýrsla. Unnið fyrir Vegagerðina v/umhverfismats á áhrifum vegafarmkvæmda. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands.

Rúnar Óli Karlsson 2003. Ferðamenska í nágrenni Reykjanes. Unnið fyrir Vegagerðina á Ísafirði v/umhverfismats á áhrifum vegafarmkvæmda. Náttúrustofa Vestfjarða.

Sveinbjörn Oddsson og Trausti Steindórsson 2009. Stað bleikjueldis og framtíðarhorfur. Skýrsla unnin af Marine Spectrum ehf. fyrir Landbúnaðar- og Sjávarútvegsráðuneytið.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar 2013. Reykjanes, Ísafjarðardjúpi. Húsakönnun.

Umhverfisráðuneytið 2008. Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar.

Vatnavinir. Reykjanes við Djúp. Hugmyndir Vatnavina.

Veðurstofa Íslands. Veðurfarsupplýsingar sóttar á vef stofunnar í janúar 2012.

Vegagerðin 2003. Djúpvegur nr. 61. Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurbreppi. Mat á umhverfisáhrifum.

Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2003. Fjörulíf í og við Hrutey í Mjóafirði og í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða.